

76 eða í því, að þeir sjeu sendir frá Færeyjum eða Íslandi, eða sem bera það með sjer, að
15. júní áliti tollstjórnarinnar, að þeir sjeu frá þessum stöðum, þó að vottorð vanti um það.

2, böggjar þeir, sem sendandi hefur annaðhvort á tilvísunarbrjefi þeirra eða í því vottað, eða lýst yfir því upp á æru og samvizku, að sendingin sje að eins send hingað til viðgerðar, og verði síðan endursend.

Allar aðrar böggulsendingar mun pósthjórnin á venjulegan hátt láta af hendi til móttöku á tollbúðinni, til þess þær verði afgreiddar þaðan, í sumum tilfellum á sama hátt og 10 punda pósthendingar, þegar nefnilega sendandi eða viðtakandi hefur beinlínis æskt afgreiðslu á þann hátt.

Með þessari ráðstöfun mun að nokkru verða ráðin bót á annmörkum þeim, er kvartað hefur verið yfir, en að áliti aðalstjórnar skattamálanna er eigi tiltækilegt að afhenda viðtakanda skilmálalaust og án fyrirfarandi tollskoðunar pósthendingar frá Íslandi og Færeyjum, sökum þess hvað hægt er um vöruflutninga til Íslands frá útlöndum og frá vörusöfnum þeim, sem hjer eru af ótolluðum vörum (Transitoplag, Kreditoplag og Frilagere).

77 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um lán til að endurbyggja
15. júní Háfskirkju. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 13. marzm. þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent mjer, með meðmælum yðar, bónarbrjef frá fjárhaldsmanni Háfskirkju í Rangárvallasýslu, Þórði Guðmundssyni, þar sem þess er farið á leit, að veitt verði lán úr landssjóði, að upphæð 1000 kr., til að endurbyggja nefnda kirkju, og fylgdi bónarbrjefi þessu álit hlutaðeigandi prófasts.

Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða hjermeð þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, yður til þóknanlegrar athugunar, og til frekari auglýsingar, að jeg veiti Háfskirkjueigendum 1000 kr. lán úr viðlagasjóði til að endurbyggja nefnda kirkju, með þeim skilyrðum, að sett verði nægilegt fasteignarveð fyrir láninu, að af því verði greiddir venjulegir vextir, og að það verði endurborgað á 10* árum með 100 kr. á ári.

Jeg skal biðja yður vekja athygli hlutaðeiganda á því, að nauðsynlegt sje, að fasteign sú, sem sett verður að veði, verði löglega virt, að vottorð sýslumannsins sje framlagt fyrir því, að hún sje lögleg eign þeirra, sem veðsetja hana eða veita umboð til veðsetningarinnar, og að hún ekki sje háð neinum veðböndum.

78 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um
20. júní nokkrar nýjar ákvarðanir í byggingarbrjefum þjóðjarða. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 15. jan. þ. á., skipa jeg hjermeð svo fyrir, að við byggingu eptirleiðis á þjóðjörðum þeim í norður- og austuramtinu, þarsem búast má við, að landshlutar kunni að falla af síldarveiði, skulu landssjóði eptirleiðis áskildir í byggingarbrjefunum $\frac{3}{4}$ af hlut þessum, en ábúandi halda $\frac{1}{4}$.

Jafnframt fellst jeg hjermeð á ráðstafanir þær, er þjer í ofanefndu brjefi yðar skýrið mjer frá, að þjer hafið gjört, viðvíkjandi byggingar og útmælingarbeiðni nokkurra Norðmanna á þjóðjörðum, og veiti samþykki mitt til þess, að þjer haldið hinu sama fram eptirleiðis, en verð þó að álíta rjettara, að hinu opinbera sje í byggingarbrjefum þeim, sem hjer eptir verða útgefin, áskilinn rjettur til að láta útmæla lóðir þær, sem þar er rætt um, að leiguliða fornsþurðum, en þannig, að hann fái sanngjarnan hlut af árgjaldinu eptir lóðina, og að útmælingin komi ekki í bága við veruleg afnot jarðarinnar eða spilli að nokkrum mun þeim gæðum og gögnum, sem henni fylgja.

*) Með brjefi landshöfðingja 19. júlí var borgunarfresturinn lengdur til 20 ára.